

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 51. fundur, 8. okt. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30.

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

### 1. Umhverfisáttak Akureyrarbæjar – leiksvæði við Ljómatún

Bjarni og Anna Sjöfn fóru á fund með Jóni Birgi og funduðu um þessi mál. Hönnunarferlið er hafið.

### 2. Bílastæðamál við Naustaskóla og Naustatjörn

Hverfisnefnd skorar á bæjaryfirvöld að gera betur í bílastæðamálum við skólana. Til að mynda með því að gera snúningshaus á mörkum Klettatúns og Hólmatúns, auk bílastæða á því sama horni. Bendir hverfisnefnd á að fjölgun barna í leikskólanum með tveimur deildum staðsettum í Naustaskóla fylgi án nokkurs vafa meiri umferð við skólana á álagstímum, enda sé flestum leikskólabörnum ekið í leikskólann þó leiða megi að því líkum að grunnskólabörnin komi frekar gangandi eða hjólandi. Heyrst hefur að fjarlægja eigi grenndargámana (ruslagámana) sem staðsettir eru á þessu horni og er það mat hverfisnefndar að lítill söknuður verði af þeim, þeir eiga lítið sameiginlegt með leik grunnskólabarna. Auk þess væri ósköp ljúft að sjá malbik á öllu bílastæðinu vestan við skólann.

### 3. Aðalfundur hverfisnefndar

Verðum að fresta honum þar sem margt er óklárað fyrir aðalfund, s.s. ákveða gestalistann og dagskránnu og fá betur á hreint hvað og hvernig leiksvæðið við Ljómatún kemur til með að vera.

Ný tillaga að dagsetningu aðalfundar: fimmtudagurinn 7. nóv. kl. 20:00-21:30 í Naustaskóla.

Gísli talar við Ágúst skólustjóra og óskar eftir að fá skólann lánaðan.

Bjarni reddar bakkelsi (kleinum eða pönnum eða álíka)

Hugsanleg dagskrá:

Kynna hugmynd að nýjum hverfisvelli við Ljómatún.

Kynna deiliskipulag að næsta áfanga Naustahverfis (3. áfangi).

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30.